

# Gunnlaugs saga ormstungu

vinnubók

# Spurningar

## 1. kafli

1. Hverjir voru faðir og afi Þorsteins Egilssonar?
2. Hvaða eiginleikum var Þorsteinn Egilsson gæddur?
3. Hvað er sagt um ætt Mýramanna, afkomendur Egils Skallagrímssonar, í kaflanum?
4. Hvað hét kona Þorsteins á Borg?
5. Hvað hétu börn þeirra Þorsteins og Jófríðar sem nefnd eru í kaflanum?
6. Hvernig er Jófríði lýst?

## 2. kafli

7. Hver var Bergfinnur, hvaða hæfileikum var hann búinn og hvaða hlutverki gegnir hann í sögunni?
8. Hvaðan voru Austmenn?
9. Hvað í þessum kafla gefur til kynna það vald og þá stöðu sem Þorsteinn hafði í héraði?
10. Hvar var þingstaður Borgfirðinga á þessum tíma samkvæmt sögunni?
11. Hvað voru þeir Þorsteinn, Bergfinnur og Atli að gera á þingstaðnum?
12. Hverju svaraði Þorsteinn þegar Bergfinnur spurði hann í fyrra skiptið hvað hann hefði dreymt?
13. Segðu stuttlega frá draumi Þorsteins Egilssonar og hvernig Bergfinnur réð hann.

## 3. kafli

14. Hvað segir Þorsteinn konu sinni að gera við barnið ef það yrði stúlka? Hvers vegna segir hann þetta?
15. Hvað gefur höfundurinn í skyn um sögutíma í upphafi kaflans?
16. Hvað fannst Jófríði, konu Þorsteins, um þetta?
17. Hvað gerði Jófríður við stúlkubarnið?
18. Hvers vegna sendir Jófríður smalamanninn til útlanda eftir að hann hefur farið með barnið í Hjarðarholt?
19. Útskýrðu eftirfarandi setningu: „Veltur þangað sem vera vill um flesta hluti.“
20. Hvaða veldur sinnaskiptum Þorsteins. Hvers vegna vill hann nú taka barnið sem hann hafði áður viljað að yrði borið út?

#### 4. kafli

21. Berðu saman Illuga svarta og Þorstein Egilsson (eiginleika og stöðu).
22. Lýstu Gunnlaugi, útliti, eiginleikum og persónu út frá því sem kemur fram í kaflanum. (Hvers konar náungi var hann?)
23. Hvernig birtist ákveðni Gunnlaugs okkur í upphafi kaflans?
24. Hvers vegna vill faðir Gunnlaugs ekki leyfa honum að fara til útlanda tólf ára gömlum? Hvaða ástæðu nefnir hann?
25. Hvernig bregst Gunnlaugur við þegar faðir hans neitar honum um fararefni?
26. Hvað hafðist Gunnlaugur við á Borg?
27. Er eitthvað sem bendir til að skap Gunnlaugs hafi mildast eftir að hann kom að Borg?
28. Hvernig er Helgu lýst í sögunni og hvernig er lýsingin á henni ólík lýsingunni á Gunnlaugi? Hvað vitum við um hana?
29. Hvers vegna ætli Þorsteinn sé tregur til að taka þátt í leik Gunnlaugs þegar sá síðarnefndi vill fastna sér Helgu?

#### 5. kafli

30. Hvers son var Hrafni og hvernig var hann skyldur Skafta Þóroddssyni lögsögumanni?
31. Hvernig fáum við af þessum kafla greint hvenær sagan gerist (sögutími)?
32. Hér er Hrafni lýst nokkuð ítarlega. Gerðu samanburð á Gunnlaugi og Hrafni út frá þessum lýsingum.
33. Hvað vitum við um trúarskoðanir höfundar af þessum kafla?
34. Hvaða tilgangi ætli ferð Gunnlaugs með Þorkeli svarta þjóni í sögunni?
35. Hvað er Gunnlaugur gamall þegar hann fer utan?
36. Hvers vegna er Illugi tilbúinn að fá Gunnlaugi farareyri í þetta sinn?
37. Hvaða Íslendingasögu nefnir höfundurinn og hvaða ályktun má draga af því (tengist ritunartíma)?
38. Af hverju vill Þorsteinn ekki fastna Gunnlaugi Helgu? Hvaða ástæður gefur hann? Hvað býr að baki?
39. Hverju hótar Illugi Þorsteini ef hann vill ekki fastna Gunnlaugi Helgu, og í hverju fólst samkomulag þeirra?

## 6. kafli

40. Hver réð yfir Noregi þegar Gunnlaugur kom þangað?
41. Hvað amaði að Gunnlaugi er hann gekk fyrir Eirík jarl Hákonarson?
42. Hverju svaraði Gunnlaugur þegar konungur undraðist að hann gengi ekki haltur og hvað segir það svar okkur um Gunnlaug?
43. Hvað varð til þess að Gunnlaugur reiddist og orti vísu?
44. Hverju spáði konungur um framtíð Gunnlaugs?
45. Hvað varð til þess að konungur vildi láta taka Gunnlaug?
46. Hvað varð Gunnlaugi til bjargar?
47. Hvert heldur Gunnlaugur í lok kaflans?

## 7. kafli

48. Hver réð fyrir Englandi á þessum tímum?
49. Hvaða tunga var þá töluð á Englandi samkvæmt því sem sagan segir?
50. Hvað gaf Aðalráður konungur Gunnlaugi að launum fyrir kvæðið?
51. Hvers vegna óttaðist Þórormur það ekki að ganga á hólmi við Gunnlaug?
52. Hvernig hjálpaði Aðalráður Gunnlaugi?
53. Hvers vegna bað Gunnlaugur konung orlofs að sigla nokkuð?
54. Hverju lét Aðalráður konungur Gunnlaug heita sér?

## 8. kafli

55. Hvert hélt Gunnlaugur frá Englandi?
56. Hvers vegna ætli Gunnlaugur ferðist á milli konunga og yrki um þá lofkvæði?
57. Hvernig sýndu konungar ánægju sína með kvæðin?
58. Hvernig leysti Gunnlaugur úr ágreiningsmálinu í jólaboðinu milli manna Sigurðar jarls og Eiríks?

## 9. kafli

59. Hvar er Gunnlaugur staddur í upphafi þessa kafla og hver ræður þar ríkjum?
60. Hvaða Íslendingur er þar við hirðina og hvernig meðmæli gefur hann Gunnlaugi?
61. Hvernig samdi þeim Gunnlaugi og Hrafn í upphafi?
62. Hvers vegna taldi Hrafn sig eiga rétt á að flytja kvæði sitt á undan Gunnlaugi?
63. Hvaða rök færir Gunnlaugur fyrir því að hann eigi að flytja sitt kvæði á undan Hrafn?
64. Hvor virðist eiga meiri sök á deilunni um kvæðin, Gunnlaugur eða Hrafn? Hverju getum við bætt við persónulýsingu Gunnlaugs út frá framkomu hans í málinu?
65. Hvað fann Hrafn kvæði Gunnlaugs helst til foráttu?
66. Hvaða gagnrýni hefur Gunnlaugur uppi um kvæði Hrafn?
67. Hvað á Hrafn við með orðunum: „Tölum þetta eigi lengur, til mun verða tekið þótt síðar sé“?
68. Hvers vegna biður Hrafn Helgu?
69. Hvers vegna lætur Þorsteinn undan þrýstingi Hrafn um bónorðið?
70. Hvað finnst Helgu um ráðahaginn og hvað segir þetta okkur um stöðu kvenna á þessum tíma?

## 10. kafli

71. Hvers vegna vildi Aðalráður ekki gefa Gunnlaugi orlof til heimferðar um vorið?
72. Með hverjum fékk Gunnlaugur far til Íslands?
73. Hvers vegna var Hallfreði illa við Hrafn?
74. Hefur Gunnlaugur haldbæra afsökun fyrir því að koma svo seint til Íslands að vitja Helgu? (Hvað hefur hann sér til málsbóta?)
75. Hvernig hefur glíman við Þórð í þessum kafla áhrif á framgang sögunnar?
76. Hvernig kemur höfundur viðhorfum sínum um hinn forna átrúnað til skila í kaflanum?

## 11. kafli

77. Hvað þótti mönnum um brúðina í veislu þeirra Helgu og Hrafns?
78. Hvar settust þau Helga og Hrafn að?
79. Hvernig voru samvistir Helgu og Hrafns?
80. Hvernig var sætaskipan í veislunni hjá Þorkeli á Skáney?
81. Hvernig mátti öllum vera ljóst í brúðkaupinu á Skáney að Helga elskaði Gunnlaug og hvaða orðtak notar höfundurinn í því sambandi?
82. Hvað sagði Gunnlaugur Helgu í brúðkaupinu og hvað gaf hann henni?
83. Hvernig voru samvistir Hrafns og Helgu eftir brúðkaupið í Skáney?
84. Hvað bauð Gunnlaugur Hrafn á þinginu?
85. Hvernig lauk þessari síðustu hólmgöngu sem haldin var á Íslandi? (Hvor bar sigur úr bítum?)
86. Hvað var ákveðið á þinginu í kjölfar hólmgöngunnar?
87. Hvað býður Hrafn Gunnlaugi í lok kaflans?

## 12. kafli

88. Hvaða ástæðu gefur Hrafn upp fyrir því að skora Gunnlaug á hólmi?
89. Hvernig spottuðu hirðmenn Eiríks jarls Gunnlaug í Þrándheimi?
90. Hvers vegna er Gunnlaugur svo seinn til einvígisins?
91. Hvar hittust þeir Hrafn og Gunnlaugur?
92. Lýstu bardaga Gunnlaugs og Hrafns með eigin orðum?
93. Hvaða nafngreindir menn féllu í bardaganum?
94. Hvers vegna svíkur Hrafn Gunnlaug og af hverju tekur Gunnlaugur áhættuna að færa honum vatnið?
95. Hver voru endalok Gunnlaugs orms tungu?

## 13. kafli

96. Berið saman drauma Illuga, föður Gunnlaugs og Önundar föður Hrafns annars vegar og draum Þorsteins Egilssonar í byrjun bókarinnar hins vegar? (Hvernig kallast þeir á?)
97. Hvernig hefna þeir Illugi faðir Gunnlaugs og Hermundur bróðir hans sín á Önundi fyrir svik Hrafns. Hvers áttu þeir að gjalda sem hefndin bitnaði á?
98. Segðu frá endalokum Helgu hinnar fögru.

Finndu í kortabók staðina Borg á Mýrum, Gilsbakka á Hvítársíðu og Mosfell.  
Litaðu svæðið sem sagan gerist á.



## Ritgerðarefni

### Ástir Gunnlaugs og Helgu

(Kannski er þetta fyrsta unglingaástarsagan sem frumsamin var á Íslensku. Er um að ræða sanna ást af beggja hálfu? Svarið þarf að rökstyðja með dæmum. Ást sem nær út yfir gröf og dauða?)

### Ef Gunnlaugur er sönn hetja síns tíma, hvað getum við þá sagt um hetjuímyndina?

(Hér mætti t.d. ræða um sæmd, orðstír, ættarstolt [skiptir máli af hvaða stétt menn eru?], óbilgirni, óyfirveguð orð, samninga, drengsakp og svik. Er hugsanlegt að í sögunni sé deilt á heiðna hetjuímynd?)

### Ræddu um Gunnlaug og örlög hans í ljósi þess að hann sé „óráðinn“

(Hér má hafa í huga að Gunnlaugur er skáld, listamaður. Hann er „óráðinn“ í æsku. Það eru sveiflur í persónuleikanum. Hann er litríkur. Var hann hugsanlega ekki tilbúinn að láta binda sig í hjónabandi?)

### Hvernig endurspeglast kristnin í sögunni?

(Sagan *gerist* á þeim tíma þegar kristni er að taka við af heiðni en hún er *skrifuð* meira en 250 árum síðar – í kristnu samfélagi. Nefna mætti dæmi um kristin atriði (þjónusta presta, gröf í vígðum reit o.s.frv.). En hvað um kristinn anda? Spyrja mætti sjálfan sig hvort heiðin viðhorf séu kannski meira ráðandi en kristin í afstöðu manna og athöfnum, sbr. t.d. hefndirnar í lokin.)

### Hvert er hlutverk kvenna í sögunni?

(Meta má áhrif þeirra á atburðarásina og velta má fyrir sér þeirri mynd sem við fáum af stöðu þeirra í því samfélagi sem lýst er. Hér mætti ræða um ákvörðun Jófríðar og klókindi hennar; einnig mætti huga að aðgerðaleyzi Helgu framan af og afleiðingum þess. Þá mætti benda á að hún sættir sig ekki við „svik“ Hrafns og tekur til sinna ráða [hann fær ekki að njóta hennar].)

### Draumar, forspár og forlagatrú

(Ræða mætti um Þorstein og vonlausa viðleitni hans til að sporna gegn rás örlaganna. Einnig mætti sýna fram á mikilvægi drauma í byggingu sögunnar [menn dreymir í upphafi sögu og sögulok].)



### **Hvaða hlutverki gegnir skáldskapurinn í sögunni og því samfélagi sem lýst er?**

(Hér þyrfti að ræða um það hvernig skáldskapur opnar Íslendingum leið að konungshirð, skapar þeim mikil tækifæri. Einnig þyrfti að ræða samkeppni milli skálda? Hvers vegna kemur til samkeppni? Ræða mætti hvers vegna skáldskapurinn var konungum mikilvægur. Hvað fengu skáldin í staðinn? Mætti líkja skáldagáfunni við einhverja hæfileika íslenskra afreksmanna í nútímanum? [e.k. atvinnumenn í útlöndum; það er betra að vera atvinnumaður en bara venjulegur ferðalangur!])

### **Samanburður: Gunnlaugur og Hrafn**

(Hér þyrfti að draga fram kosti og lesti beggja; hvor er meira spennandi og hvers vegna? Hvor er heilsteyptari persónuleiki?)

### **Hvar gerist sagan?**

(Hér mætti rekja ferð Gunnlaugs, helst með hjálp landakorts og nefna helstu staði, bæði heima og erlendis.)

### **Gunnlaugur sálgreindur**

(Hér þyrfti að lýsa sem best persónueinkennum Gunnlaugs, t.d. eigingirni hans, skapsveiflum, ókurteisi við þá sem reyndust honum vel, hroka, hetjulund, drengskap o.s.frv. Hann vill gjarnan kenna öðrum um ófarir sínar (sbr. vísurnar þar sem hann segir Þorstein á Borg hafa gefið Helgu til fjár); en gæti hann kannski kennt sjálfum sér um eitthvað?)

# Eyðufyllingar

## Úr 1. kafla

bóndasonum - hersis - afarmenni - afl - eygur - hófsmaður - höfðingi - Egilsson

Þorsteinn hét maður. Hann var \_\_\_\_\_, Skalla-Grímssonar, Kveld-Úlfssonar \_\_\_\_\_ úr Noregi en Ásgerður hét móðir Þorsteins og var Bjarnardóttir. Þorsteinn bjó að Borg í Borgarfirði. Hann var auðugur að fé og \_\_\_\_\_ mikill, vitur maður og hógvær og \_\_\_\_\_ um alla hluti. Enginn var hann afreksmaður um vöxt eða \_\_\_\_\_ sem Egill faðir hans því að svo er sagt af fróðum mönnum að Egill hafi mestur kappi verið á Íslandi og hólmgöngumaður og mest ætlað af \_\_\_\_\_, fræðimaður var hann og mikill og manna vitrastur. Þorsteinn var og hið mesta \_\_\_\_\_ og vinsæll af allri alþýðu. Þorsteinn var vænn maður, hvítur á hár og \_\_\_\_\_ manna best.

## Úr 2. kafla

blíðlega - álftr - hné - hnípin - örn - ýfast - þekkjast - snarplega - þýðast - karldyrum

Það dreymdi mig að ég þóttist heima vera að Borg og úti fyrir \_\_\_\_\_ og sá ég upp á húsin og á mæninum \_\_\_\_\_ eina væna og fagra og þóttist ég eiga og þótti mér allgóð. Þá sá ég fljúga ofan frá fjöllumum \_\_\_\_\_ mikinn. Hann fló hingað og settist hjá álftrinni og klakaði við hana \_\_\_\_\_ og hún þótti mér það vel \_\_\_\_\_. Þá sá ég að örninn var svarteygur og járnklær voru á honum. Vasklegur sýndist mér hann. Því næst sá ég fljúga annan fugl af suðurátt. Sá fló hingað til Borgar og settist á húsin hjá álftrinni og vildi \_\_\_\_\_ hana. Það var og örn mikill. Brátt þótti mér sá örninn er fyrir var \_\_\_\_\_ mjög er hinn kom til og þeir börðust \_\_\_\_\_ og lengi og það sá ég að hvorumtveggja blæddi. Og svo lauk þeirra leik að sinn veg \_\_\_\_\_ hvor þeirra af húsmæninum og voru þá báðir dauðir en álftrinn sat eftir \_\_\_\_\_ mjög og dapurleg.

### Úr 3. kafla

meybarn - sýnast - óþínslega - brugðið - skaplyndi - alheiðið - ómegð - illa - barni - þings

Um sumarið bjóst Þorsteinn til \_\_\_\_\_ og mælti til Jófríðar húsfreyju áður hann fór heiman: „Svo er háttað,“ segir hann, „að þú ert með \_\_\_\_\_ og skal það barn út bera ef þú fæðir \_\_\_\_\_ en upp fæða ef sveinn er.“ Og það var þá siðvandi nokkur er land var allt \_\_\_\_\_ að þeir menn er félitlir voru en stóð \_\_\_\_\_ mjög til handa létu út bera börn sín og þótti þó \_\_\_\_\_ gert ávallt. Og er Þorsteinn hafði þetta mælt þá svarar Jófríður: „Þetta er \_\_\_\_\_ mælt,“ segir hún, „slíkur maður sem þú ert og mun þér eigi \_\_\_\_\_ þetta að láta gera svo auðugur maður sem þú ert.“ Þorsteinn svarar: „Veist þú \_\_\_\_\_ mitt,“ segir hann, „að eigi mun hlýðisamt verða ef af er \_\_\_\_\_.“

### Úr 4. kafla

jafnaldrar - gull - tafli - fróðra - víðara - raunir - þokka - hylja

Jafnan skemmtu þau Helga sér að \_\_\_\_\_ og Gunnlaugur. Lagði hvort þeirra góðan \_\_\_\_\_ til annars bráðlega sem \_\_\_\_\_ bar á síðan. Þau voru mjög \_\_\_\_\_. Helga var svo fögur að það er sögn \_\_\_\_\_ manna að hún hafi fegurst kona verið á Íslandi. Hár hennar var svo mikið að það mátti \_\_\_\_\_ hana alla og svo fagurt sem \_\_\_\_\_ barið og enginn kostur þótti þá þvílíkur sem Helga hin fagra í öllum Borgarfirði og \_\_\_\_\_ annars staðar.

### Úr 5. kafla

Grindavík - Hrafn - goðorð - skáld - efnilegir - virtist - Mosfelli

Önundur hét maður er bjó suður að \_\_\_\_\_. Hann var auðmaður hinn mesti og hafði \_\_\_\_\_ suður þar um nesin. Hann var kvongaður maður og hét Geirný kona hans, Gnúpsdóttir, Molda-Gnúpssonar er nam suður \_\_\_\_\_. Þeirra synir voru þeir Hrafn og Þórarinn og Eindriði. Allir voru þeir \_\_\_\_\_ menn en þó var \_\_\_\_\_ fyrir þeim í hvívetna. Hann var mikill maður og sterkur, manna sjálegastur og \_\_\_\_\_ gott og er hann var mjög roskaður þá fór hann landa á milli og \_\_\_\_\_ hvarvetna vel þar sem hann kom.

## Úr 6. kafla

slík - vogur - jafnlangir - kyrtli - Sull - jarlinn - ætt - svarta - fæti - kenndi - haltur

Gunnlaugur var svo búinn að hann var í gráum \_\_\_\_\_ og í hvítum leistbrókum. \_\_\_\_\_ hafði hann á fæti niðri á ristinni. Freyddi úr upp blóð og \_\_\_\_\_ er hann gekk við. Og með þeim búningi gekk hann fyrir \_\_\_\_\_ og þeir Auðunn og kvöddu hann vel. Jarl \_\_\_\_\_ Auðunn og spyr hann tíðinda af Íslandi en Auðunn sagði \_\_\_\_\_ sem voru. Jarl spyr Gunnlaug hver hann væri en hann sagði honum nafn sitt og \_\_\_\_\_. Jarl mælti: „Skúli Þorsteinsson,“ segir hann, „hvað manna er þessi á Íslandi?“ „Herra,“ segir hann, „takið honum vel. Hann er hins besta manns sonur á Íslandi, Illuga \_\_\_\_\_ af Gilsbakka, og fóstbróðir minn.“ Jarl mælti: „Hvað er \_\_\_\_\_ þínum Íslendingur?“ „Sullur er á herra,“ sagði hann. „Og gekkst þú þó ekki \_\_\_\_\_?“ Gunnlaugur svarar: „Eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru \_\_\_\_\_.“

## Úr 7. kafla

berserkurinn - konungsnaut - hólms - banahögg - sverð - skjöldinn - lykkju

Og er þeir voru til \_\_\_\_\_ búnir þá spyr Þórormur hvernig sverð það væri er hann hafði. Gunnlaugur sýnir honum og bregður en hafði \_\_\_\_\_ á meðalkafla á \_\_\_\_\_ og dregur á hönd sér. Berserkurinn mælti er hann sá sverðið: „Ekki hræðist ég það \_\_\_\_\_,“ segir hann og hjó til Gunnlaugs með sverði og af honum mjög svo \_\_\_\_\_ allan. Gunnlaugur hjó þegar í mót með konungsnaut en \_\_\_\_\_ stóð hlífarlaus fyrir og hugði að hann hefði hið sama vopn og hann sýndi en Gunnlaugur hjó hann þegar \_\_\_\_\_.

## Úr 8. kafla

Svíþjóðar - kvæði - jafnan - aldur - Sköllum - Konungahellu - flokkur - gjöfina

Gunnlaugur þakkaði honum \_\_\_\_\_ og svo boð hið sama en kveðst verða að fara austur til \_\_\_\_\_ og gekk síðan á skip með kaupmönnum þeim er sigldu til Noregs og komu um haustið austur við \_\_\_\_\_. Þorkell frændi hans fylgdi honum \_\_\_\_\_. Úr Konungahellu fengu þeir sér leiðtoga upp í Gautland hið vestra og komu fram í kaupstað þeim er í \_\_\_\_\_ heitir. Þar réð fyrir jarl sá er Sigurður hét og var við \_\_\_\_\_. Gunnlaugur gekk fyrir hann og kvaddi hann vel og kvaðst \_\_\_\_\_ hafa ort um hann. Jarl gaf gott hljóð til. Gunnlaugur kvað kvæðið og var það \_\_\_\_\_.

## Úr 9. kafla

einhverju - hót - virður - búinn - hræpa

Og er Hrafn var til brottferðar \_\_\_\_\_ þá mælti hann til Gunnlaugs: "Lokið skal nú okkar vináttu fyrir því að þú vildir \_\_\_\_\_ mig hér fyrir höfðingjum. Nú skal ég \_\_\_\_\_ sinni eigi þig minna vanvirða en þú vildir mig hér." Gunnlaugur svarar: "Ekki hryggja mig \_\_\_\_\_ þín," segir hann, "og hvergi munum við þess koma að ég sé minna \_\_\_\_\_ en þú."

## Úr 10. kafla

andaðist - föðurleifð - Hemingur - ríki - herja - konung - Danmörku

Í þennan tíma réð fyrir \_\_\_\_\_ Knútur hinn ríki Sveinsson og hafði nýtekið við \_\_\_\_\_ sinni og heitaðist jafnan að \_\_\_\_\_ til Englands fyrir því að Sveinn konungur faðir hans hafði unnið mikið \_\_\_\_\_ á Englandi áður hann \_\_\_\_\_ vestur þar. Og í þann tíma var mikill her danskra manna vestur þar og var sá höfðingi fyrir er \_\_\_\_\_ hét, sonur Strút-Haralds jarls og bróðir Sigvalda jarls, og hélt hann það ríki undir Knút \_\_\_\_\_ er Sveinn konungur hafði áður unnið.

## Úr 11. kafla

heitkonu - Öxarárhólmi - þinginu - hólmgöngu - alþúinn - kveðst - lögskilum - Lögbergs

Og einn dag á \_\_\_\_\_ er menn gengu fjölmennir til \_\_\_\_\_ og er þar var lykt að mæla \_\_\_\_\_ þá kvaddi Gunnlaugur sér hljóðs og mælti: „Er Hrafn hér Öundurson?“ Hann \_\_\_\_\_ þar vera. Gunnlaugur ormstunga mælti þá: „Það veist þú að þú hefir fengið \_\_\_\_\_ minnar og dregst til fjandskapar við mig nú fyrir það. Vil ég bjóða þér \_\_\_\_\_ hér á þinginu á þriggja náttu fresti í \_\_\_\_\_.“ Hrafn svarar: „Þetta er vel boðið sem von var að þér,“ segir hann, „og er ég þessa \_\_\_\_\_ þegar þú vilt.“

## Úr 12. kafla

lyktum - höfuð - ódregilega - fögru - seildist - ann - leiðtogar - allmikið - hjálminum

Síðan gekk Gunnlaugur til lækjar eins og sótti í \_\_\_\_\_ og færði Hrafn. En hann \_\_\_\_\_ í mót hinni vinstri hendinni en hjó í \_\_\_\_\_ Gunnlaugi með sverðinu hinni hægri hendi og varð það \_\_\_\_\_ sár. Þá mælti Gunnlaugur: „Illa sveikstu mig nú og \_\_\_\_\_ fór þér þar sem ég trúði þér.“ Hrafn svarar: „Satt er það,“ segir hann, „en það gekk mér til þess að ég \_\_\_\_\_ þér eigi faðmlagsins Helgu hinnar \_\_\_\_\_.“ Og þá börðust þeir enn í ákafa en svo lauk að \_\_\_\_\_ að Gunnlaugur bar af Hrafn og lét Hrafn þar líf sitt. Þá gengu fram \_\_\_\_\_ jarls og bundu höfuðsárið Gunnlaugs.

## Úr 13. kafla

hneigði - rekti - Gunnlaugsnaut - örend - löngum - settist - krömdust - þyngd

Það var helst gaman Helgu að hún \_\_\_\_\_ skikkjuna Gunnlaugsnaut og horfði þar á \_\_\_\_\_. Og eitt sinn kom þar sótt mikil á bæ þeirra Þorkels og Helgu og \_\_\_\_\_ margir lengi. Helga tók þá og \_\_\_\_\_ og lá þó eigi. Og einn laugardagsaftan sat Helga í eldaskála og \_\_\_\_\_ höfuð í kné Þorkatli bónda sínum og lét senda eftir skikkjunni \_\_\_\_\_. Og er skikkjan kom til hennar þá \_\_\_\_\_ hún upp og rakti skikkjuna fyrir sér og horfði á um stund. Og síðan hné hún aftur í fang bónda sínum og var þá \_\_\_\_\_.